

Ár 1976, miðvikudaginn 9. júní, var í málinu nr. 4/1976 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd avahljóðandi

#### Ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að jörðin Þingeyrar í Sveinsstaða-  
hreppi, Austur-Húnavatnsýslu, er í eigu frá Nanaveigar  
Ingimundardóttur, Viðimól 66 í Reykjavík, en ábúendur jarðar-  
innar hafa verið aðrir. Með ákvörðun hreppnefndar Sveinsstaða-  
hrepps, var árið 1972 lagður kr. 186.720,- fasteignaskattur á  
hlunnindi nefndrar jarðar og eigandi krafinn um greiðslu  
skattsins, en reikningurinn var dagsettur 15. júlí 1972.  
Jarðeigandi taldi skattlagningu þessa ólöglega og greiddi ekki  
skattinn. Beiðist Sveinsstaðahreppur þá upphófs á jörðinni  
hinn 10. janúar 1973. Með úrskurði upphöfarréttar Húnavatnsýslu  
hinn 31. maí 1974 var ákveðið, að nauðungarupphöf skyldi fara  
fram til lúkingar skattinum. Þeim úrskurði áfrýjaði jarðeigandi  
til Hæstaréttar með stefnu hinn 27. júní 1974, Með dómi Hæsta-  
réttar, uppkveðnum 31. mars 1976, var úrskurður upphöfarréttar úr  
gildi fældur og sýndur um framgang upphöfsins. Byggðist dómur  
Hæstaréttar á því, að ágreiningsefnið hefði ekki verið lagt fyrir  
Yfirfasteignamatnefnd til úrskurðar og yrði því ekki borið undir  
dómstóla. Með bréfi frá 23. maí 1976, skaut eigandi Þingeyra  
málinu til úrlausnar Yfirfasteignamatnefndar.

Korandi telur ofangreinda skattlagningu ólögmeta og krefst  
þess, að skatturinn verði niður fældur. Krafan er reist á því  
í fyrsta lagi, að skattlagningin fari í bága við almennar jafn-  
ræðisreglur, sem stjórnarskráin byggist á, fyrst og fremst 87. gr.  
stjórnarskrárinnar, og að hún sé andstæð vilja löggjafans. Í öðru  
lagi sé hlunnindaskattur þessi ranglega á landeiganda lagður, þar  
sem ábúandi beri að greiða hann, ebr. 3. mgr. 4. gr. laga nr.  
8/1972. Í þriðja lagi sé ákvörðun um álagningu skattsins fyrir  
árið 1972 alltof seint tekin. Lögmáður kaxanda hófur stutt þessi  
sjónarmið ítarlegum rökum.

Áf gögnum málsins verður ráðið, að skattur sá, sem hér er  
kært út af, sé 4% fasteignaskattur á hlunnindi í eigu utansveitar-  
manna samkvæmt heimildarákvæði 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um  
tekjustofna sveitarfélaga, ebr. nú 3. gr. reglugerðar nr. 220/1972  
um fasteignaskatt. Orðalag 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 er svo  
fortakslaust, að ekki þykir verða hjá því komist að líta svo á,  
að þar sé heimilað að leggja 4% fasteignaskatt á hlunnindi í eigu  
utansveitarmanna til viðbótar fasteignaskatti samkvæmt 2. og 3.  
mgr. sömu greinar, sem lagður er á fasteign í höld, þar á meðal  
hlunnindi jarðar, ef því er að skipta. Ekki hófur verið vefengt,  
að eigandi Þingeyra fíor með hlunnindi jarðarinnar og hirti að  
þeirra á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Þar eigianda því samkvæmt meginreglu 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972, sbr. nú 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 320/1972, að greiða fasteignaskatt þann, sem á hlunnindin var lagður samkvæmt frumansögðu árið 1972. Ekki verður fallist á, að ákvörðun hreppensfundar um flagningu skattsins hafi verið of seint tekin.

Í samvæmi við það, sem að framan hefur verið rakið, verður að telja umrædda flagningu fasteignaskatts rúðast innan lagheimildar sveitarstjórnar samkvæmt lögum nr. 8/1972, en ekki er á valdaviði Kflrfasteignamatstofndar að skera úr stjórnskipulegu gildi umrædda lagaákvæða um sértakan fasteignaskatt á hlunnindi í eigu utan-sveitarmanna.

**Ó R S K U R Ð A R O R Ð :**

Frangreiðsla þessa er ekki tekin til greina.

Gaulur Jónsson

Magnús Thoróðsson

Torfi Ásgórsen